

Samkeppnislög

Landssamtök lífeyrissjóða

18. september 2013

Jóna Björk Helgadóttir hdl.

Efnisreglur samkeppnislaga

- Meginefnisreglurnar eru þrjár:
 - 10. gr.: Bann við samkeppnishamlandi samningum
 - 11. gr.: Bann við misnotkun á markaðsráðandi stöðu
 - 17. gr.: Samrunareglurnar
- Auk þess:
 - 14. og 16. gr.: Opinberar samkeppnishömlur
- Eðli samkeppnisreglna – orðalag ákvæða
- Tengsl við EB/EES-rétt – samspil lögfræði og hagfræði
- Gildissvið samkeppnislaga – allur *atvinnurekstur*

Lífeyrissjóðir

- Meginhlutverk: Taka við iðgjöldum sjóðsfélaga og ávaxta þau.
- Markaðir ?
 - T.d. móttaka sparnaðar
 - T.d. kaup á fjármálagerningum
- Ákv. SE nr. 31/2008:
 - „Þvert á móti hafa allir sjóðsfélagar hagsmuni af því að sem mest samkeppni ríki milli umræddra lífeyrissjóða.
- SE: *Fjármálaþjónusta á krossgötum*: „Lífeyrissjóðir eru fyrirtæki í skilningi samkeppnislaga – ekki viðskiptasamsteypa“

Ef brotið gegn samkeppnislögum

- A. Stjórnvaldssektir
 - Á fyrirtækin.
 - Allt að 10% af heildarveltu síðasta rekstrarárs
 - Meginreglan að sektir *eru lagðar á* ef brotið er gegn bannreglum skl.

- B. Refsiákvæði
 - Einstaklingar
 - Þátttaka *einstaklinga* í ólögsmætu samráði fyrirtækja er refsiverð (41. gr. a)
 - Tiltekin samráðsbrot lýst refsiverð
 - Heimilt að refsa *starfsmanni/stjórnarmanni* sem framkvæmir/hvetur til/ lætur framkvæma samráð
 - Hámarksrefsing hækkuð í 6 ára fangelsi 2007
 - Brot gegn skl. sæta aðeins lögreglurannsókn að undangenginni kæru SE til lögreglu (42. gr.)

I. 10. gr. samkeppnislaga

- Samningar, samþykktir og samstilltar aðgerðir *sem hamla samkeppni* = bannað
- „Samningur“/“samþykktir“ mjög víð tulkun
- Tvíhliða brot
- Bæði lárétt og lóðrétt

Form samskipta skiptir ekki máli

- skriflegt
- munnlegt
- heiðursmannasamkomulag
- ófullgerður samningur/ekki lagalega bindandi
- aðilar þurfa ekki að *virða* samkomulag til að það teljist vera fyrir hendi

Hvað fellur undir 10. gr.?

- Upptalning 2. mgr. er í dæmaskyni, ekki tæmandi talning:
- “Bann þetta tekur m.a. til samninga, samþykka og samstilltra aðgerða sem:
 - a. áhrif hafa á **verð**, afslætti, álagningu eða önnur viðskiptakjör með beinum eða óbeinum hætti,
 - b. takmarka eða **stýra framleiðslu**, mörkuðum, tækniþróun eða fjárfestingu,
 - c. **skipta mörkuðum** eða birgðalindum,
 - d. **mismuna** viðskiptaaðilum með ólíkum skilmálum í sams konar viðskiptum og veikja þannig samkeppnisstöðu þeirra,
 - e. setja sem **skilyrði** fyrir samningagerð að hinir viðsemjendurnir taki á sig viðbótarskuldbindingar sem tengjast ekki efni samninganna, hvorki í eðli sínu né samkvæmt viðskiptavenju.”

Helstu tegundir brota gegn 10.gr.

- Verðsamráð – líka lóðrétt
- Markaðsskipting
- Takmörkun á framleiðslu/framboði
- Samráð um gerð tilboða
- Samræmdir viðskiptaskilmálar
- Upplýsingaskipti
- Takmarkanir á auglýsingum
- Aðgerðir sem hindra aðgengi nýrra keppinauta

Ýmsar myndir verðsamráðs- bannað er

- að hafa beint samráð um ákvörðun verðs
- að sammælast um afslætti eða verðhækkanir
- að sammælast um lágmarksverð, hámarksverð eða verðbil
- að sammælast um að auglýsa ekki verð
- að eiga upplýsingaskipti um verð eða (fyrirhugaðar) verðbreytingar
- að eiga upplýsingaskipti um kostnaðargrunn eða verðútreikninga (sbr. þó þröngar heimildir)

Markaðsskipting

- Skipting eftir svæðum, hlutdeild, viðskiptavinum, vöru- eða þjónustuflokkum
- Um margt auðveldara í framkvæmd en verðsamráð
- Tekið mjög hart á markaðsskiptingu af stofnunum EB
- Olíumál, grænmetismál, Tal/Vodafone (Teymi)
- Lífeyrissjóðir mega ekki:
 - skipta á milli sín **viðskiptavinum**
 - eða t.d. **landsvæðum**
 - eða tilteknum **tegundum þjónustu**
 - = Óheimilt er með öllu að gera slíkt samkomulag við keppinaut.

-

Takmörkun á framleiðslu/framboði

- Takmörkun framboðs stuðlar að hærri verðum
- Framboð á markaði takmarkað - þátttakendur skipta með sér umsömdu framboði
- Skiptast á framleiðslu- og söluupplýsingum
- Olíumál - 92 oktana bensín, grænmetismál
- Tryggingar: T.d. samráð um að hætta með tilt. trygg.

Samráð um gerð tilboða

- Margvíslegar aðgerðir falla hér undir
 - Samkomulag um að bjóða ekki
 - Samkomulag um að bjóða sömu verð
 - Samkomulag um hver fær viðskiptin
- Getur verið þáttur í markaðsskiptingu (viðskiptavinir)
- Olíumál (t.d. útboð hjá Strætó og Landhelgisgæslu)

Samræmdir viðskiptaskilmálar

- Staðlaðir samningar samtaka fyrirtækja geta verið lögmætir
- Þarf að líta til þess hvort samræmdir skilmálar varða þætti sem *hafa samkeppnislegt gildi*
- Samningar um skil vöru, afhendingarskilmála, greiðsluskilmálar, sérstakir þjónustubættir
- Getur verið heimilað með sérlöggjöf

Upplýsingaskipti

- Getur verið **erfitt** að greina hvenær brot
- Eðli upplýsinga skiptir öllu máli
 - Verð, markaðsáætlanir, vörupróun, tæknilegar upplýsingar, fjárfestingar, framboð
 - Upplýsingar sem eðlilegt er að telja háðar trúnaði
 - Eru þær til þess fallnar að hafa eða geta haft áhrif á hegðun fyrirtækja á markaði
- Almennar mælistikur
 - Eldri upplýsingar síður skaðlegri en nýjar, einkum um verð og kostnað
 - Almennar upplýsingar eru síður skaðlegar en upplýs. um einst. félag.
 - Opinberar upplýsingar eru almennt ekki skaðlegar

Undanþágur

- Ákvæði 15. gr. samkeppnislaga
- Þarf fyrst að meta hvort 10. gr. á við
- Uppfylla þarf öll skilyrði 15. gr. (fjórir stafliðir)
- Jákvæð áhrif undanþágu þurfa að vega upp hin neikvæðu áhrif
- Getur tekið nokkurn tíma að fá svar við undanþágubeiðni

Atvinnugreinasamtök

- Sérstaklega fjallað um „samtök fyrirtækja“ í 12. gr. samkeppnislaga
- Slík samtök vitaskuld lögmæt -en stundum litin hornauga
- Upplýsingaskipti varhugaverð
- Dæmi: LMFÍ, grænmetismál, SI/SVÞ, SÍT
- Áhrif á sektir

II. 11. gr. - Misnotkun á markaðsráðandi stöðu

- 11. gr. samkeppnislaga: „Misnotkun eins eða fleiri fyrirtækja á markaðsráðandi stöðu er bönnuð.“
- Skilyrði 11. gr.
 - Um sé að ræða fyrirtæki
 - Fyrirtækið sé í markaðsráðandi stöðu
 - Skilgreining viðkomandi markaðar
 - Markaðsráðandi staða hafi verið misnotuð

III. Samruni, 17. gr. skl.

- 17. gr. C. SE getur gripið til íhlutunar vegna samruna sem leiðir til þess að markaðsráðandi staða verður til eða slík staða styrkist, EFTA samkeppni raskast með umtalsverðum hætti (sbr. Vestia-Teymi)
- Efnislegt mat á samruna - flókið ferli
 - Lykilorðið er:
 - **YFIRRÁÐ**
 - **ATH tilkynningaskyldu**

Hvernig er hægt að brjóta lögin - samantekt

- 10. gr. brot tvíhliða brot/11. gr. brot einhliða
- 11. gr.: Einhliða markaðsaðgerðir
- 10. gr. Kartelar –
 - Ýmist stjórnað af toppinum / kappsamir starfsmenn
 - Hugtakið samningur – símtöl – tölvupóstur - samtök
 - Sönnunarstaða SE – kröfur dómstóla
 - Tryggja tilvist gagna í báðar áttir
 - Brot þótt samningnum ekki framfylgt

Stjórnsýsla

- Yfirvöld: SE - áfrýjunarnefnd - dómstólar
- Upphaf máls
 - Erindi
 - Frumkvæðismál
- Gagnaöflunarheimildir
 - Upplýsingaskylda – 19. gr.
 - Húsleit – 20. gr. Hleranir